

# Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

## 41. fundur, haldinn 30. maí 2018, kl. 16:30

*Mætt voru: Birgir Edwald, Heimir Bates, Ólafur Unnarsson, Kristjana Gunnarsdóttir og Anna Guðrún Steindórsdóttir sem ritaði fundargerð.*

### 1. Fjölgun deildarstjóra við Sunnulækjarskóla

Vegna stækkunar skólans og óska sem fram komu við samráðsvinnu samkvæmt bókun 1 með kjarasamningi kennara var ákveðið við fjárhagsáætlanagerð ársins 2018 að fjölga deildarstjórum stiga úr tveimur í þrjá. Búið er að ráða Guðrúnu Jóhannsdóttur fráfarandi skólastjóra Grunnskóla Þorlákshafnar í stöðu deildarstjóra miðstigs. Unnið er að breytingum á vinnuástöðu deildarstjóra vegna þessa.

### 2. Skólaakstur

Hverfisráð Sandvíkurhrepps sendi bæjarráði ályktun vegna skólaaksturs í Sandvíkurhrepp. Óskað er eftir fjölgun skólabíla úr tveimur í þrjá. Bæjarráð vísaði ábendingunni til fræðslustjóra og fræðslunefnd fól fræðslustjóra og skólastjóra að funda með foreldrum og akstursfyrirtækinu. Eftir fundi með fulltrúum GT annars vegar og fulltrúum foreldra hins vegar liggja tvær mögulegar tillögur fyrir. Bæjarráð hefur þegar lagt til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun til að mæta auknum kostnaði. Fræðslustjóri og skólastjóri munu funda með fyrrgreindum aðilum til að velja þá tillögu sem hentar og stefnt er að fjölgun bíla í morgunferð úr tveimur í þrjá.

### 3. Nemendafjöldi

Nú eru í skólanum 679 nemendur. Næsta haust mun fjölga um 10 nemendur vegna mismunar á innritun og útskrift. Vitað er af 15 nýskráningum í aðra árganga. Líkur eru á að þeim fjölgi. Rætt var um fyrirbyggjandi hugmyndir um skiptingu í árganga og nýtingu húsnæðis.

### 4. Skólaráð lýsir yfir ánægjum með þá leið sem farin var við nýbyggingu við skólann.

### 5. Skólaráð hefur áhyggjur af vinnuálagi í sístækkandi skóla og hvetur stjórendur til að gefa því gaum.

### 6. Skólamötuneyti

Skólaráð leggur áherslu á að vandað sé til verka í skólamötuneytinu.

Fundi slitið kl. 17:50

AGS/bed